



## GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Skagastrandar

Sett með heimild reglugerðar nr. 401/2005

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignarmat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamati.

3. gr.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati.

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,30% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 31,50 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 37.00.

4. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Skagastrandar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5. gr.

Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skv. leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 20,80 kr. pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni	18,50 kr. á dag
Vatnsmælar DN 50 til DN 80	37,00 kr. á dag
Vatnsmælar DN 100 til DN 150	74,00 kr. á dag



7. gr.  
Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af fulltrúa vatnsveitunnar.

Þvermál Inntaks:	32-40 mm	40 - 75 mm
Heimæðar- gjald kr:	48.226	108.509

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út sérstaklega.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.  
Verðlagning.

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt gr. 3 er tekin af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu 1. janúar 2009 sem er 489,6 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti ( 1. janúar og 1. júlí ). Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.  
Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skagastrandar samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað. Ákvæði um hámark og lágmark skv. 3. gr. tekur þó fyrst gildi við álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2010.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Skagastrandar, 4. mars 2009.

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri